

Ed.

624. Frumvarp til laga

[46. mál]

um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 2. umr. Ed.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlinum minnst 4 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlinum, sem einangra svæði þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu.

Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlinum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlinunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlinum hvili sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

2. gr.

Í stað upphafs 1. málsl. 13. gr. komi:

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlinur, a. m. k. næstu 4 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjár-

sjúkdómanefnd, ef hún telur hættulaust, leyft flutning lambhrúta til kynbóta milli fjárskiptasvæða innan þess tíma, enda sé ekki um að ræða flutning þaðan, sem gærnaveiki hefur verið.

3. gr.

1. málsg. 37. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframntali tæpum tveim árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1950 skal miða við framtal á árinu 1949, þ. e. fjártölu í árslok 1948 o. s. frv. Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustin 1947 og 1948 vegna fyrirhugaðra fjárskipta 1950 og 1951, skal þó miða fjártöluna við skattaframntal þeirra tæpum þremur árum áður en fjárskipti hefjast, enda haldi þeir áfram búskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði.

4. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur, sem svarar hálfu lambsverði á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af niðurlagsverði tveggja næstu ára á undan, miðað við meðalvænleika sláturlamba á hverju fjárskiptasvæði.

Kostnað við flutning líffjár á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjárjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innansveitar tilfærslu á fé á fjárkaupasvæðum, svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða kosti fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu fá keypt, ef unnt er, liflömb, er nemi 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, samanber þó 39. gr. Skytt er að láta bændur, er hafa litla eða enga aðstöðu til mjólkursölu eða annarrar framleiðslu, sitja fyrir um liflambakaup, ef ekki fæst áskilin fjártala til úthlutunar.

Séu nægjanleg liflömb fáanleg skal fjáreigendum gefinn kostur á að fá allt að 20% til viðbótar. Sé ekki unnt að útvega þessi 50% lambanna svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur vegna þeirra, er á vanta, á sama hátt og fyrir er mælt í 39. grein.

Framlag ríkisins skal greiða ári eftir að fjárskipti hefjast, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptrá liflamba.

5. gr.

39. gr. laganna orðist svo (var 40. gr. í lögunum):

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns hálf t lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð á svæðinu. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

6. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein, er verði 40. gr., svo hljóðandi:

Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 4% ríkisskuldabréfum þannig:

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að $\frac{2}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að $\frac{4}{5}$ í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, er greidd eru á yfirstandandi ári og framvegis.

Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðin frá útgáfudegi þeirra.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bóta-greiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð

bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulagi til bankanna, skal ákveða nánar með reglugerð.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 5. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar, að nokkru undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.

7. gr.

39. gr. (óbreytt) verður 41. gr.

41. gr. (óbreytt) verður 42. gr. o. s. frv.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.